

---

N O R Ð F I R Ð I N G U R

---

3. tölublað 1985

9. árgangur.

---

Aðalfundur Norðfirðingafélagsins verður haldinn í Safnaðarheimili Bústaðakirkju sunnudaginn 8. desember 1985 kl. 1500 stundvíslega.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf  
Söngur við undirleik  
Guðna Þ. Guðmundssonar  
Jólastemning  
Kaffi og kökur

Mætum öll í jólaska

---

Árshátíð Norðfirðingafélagsins var haldin 8. marz s.l. að Hótel Loftleiðum Víkingasal. Þátttaka var allgóð. Hátíðargestir okkar voru hjónin Valborg Sigurðardóttir og Ármann Snævarr. Ármann flutti hátíðarræðu kvöldsins. Hann kom víða við í ræðu sinni og minntist að sjálfsögu heimabyggðarinnar og ýmissa skemmtilegra atvika frá uppvaxtarárum sínum heima á Norðfirði. Góður rómur var gerður að ræðu Ármanns. Hafi hann beztu þakkir fyrir. Helgi Seljan flutti gamanmál og fór hann á kostum í þeirri rullu að venju. Þökk sé honum fyrir góða skemmtun. Einnig skemmtu okkur þekktir hljóðfæraleikarar, austur þar, frá sjötta áratugnum og gerðu að vanda mikla lukku. Þökk sé þeim. Efnt var til happdrættis og dans stiginn fram eftir nóttu og þótti árshátíðin heppnast hið bezta. Rétt er að geta þess, að stjórn félagsins færði fyrir á þessu ári f.h. Norðfirðingafélagsins, Breiðabliki, þjónustuíbúðum fyrir aldraða við Fjórðungssjúkrahúsið heima að gjöf tvö vinnuborð, 16 stóla og tvo skápa samkvæmt samþykkt sem gerð var á sólarcaffi félagsins

Árshátíð Norðfirðingafélagsins var haldin 8. marz s.l. að Hótel Loftleiðum Víkingasal. Þátttaka var allgóð. Hátíðargestir okkar voru hjónin Valborg Sigurðardóttir og Ármann Snævarr. Ármann flutti hátíðarræðu kvöldsins. Hann kom víða við í ræðu sinni og minntist að sjálfsögu heimabyggðarinnar og ýmissa skemmtilegra atvika frá uppvaxtarárum sínum heima á Norðfirði. Góður rómur var gerður að ræðu Ármanns. Hafi hann beztu þakkir fyrir. Helgi Seljan flutti gamanmál og fór hann á kostum í þeirri rullu að venju. Þökk sé honum fyrir góða skemmtun. Einnig skemmtu okkur þekktir hljóðfæraleikarar, austur þar, frá sjötta áratugnum og gerðu að vanda mikla lukku. Þökk sé þeim. Eftir var til happdrættis og dans stiginn fram eftir nóttu og þótti árshátíðin heppnast hið bezta. Rétt er að geta þess, að stjórn félagsins færði fyrir á þessu ári f.h. Norðfirðingafélagsins, Breiðabliki, þjónustuíbúðum fyrir aldraða við Fjóróungssjúkrahúsið heima að gjöf tvö vinnuborð, 16 stóla og tvo skápa samkvæmt samþykkt sem gerð var á sólarcaffi félagsins

að félagar bregðist vel við og kaupi kortin.

Gíróseðlar fyrir árgjöldum félagsmanna hafa nýlega verið sendir út og vonumst við til þess, að félagar bregðist vel við og greiði félagsgjöldin skilvíslega. Að endingu hvetjum við alla Norðfirðinga til þess að mæta nú vel og eiga saman góða stund.

Mætum vel .....

---

**NORÐFIRÐINGUR**

Útgefandi: Norðfirðingafélagið,  
Espigerði 4,  
108 Reykjavík.

Ritstjóri: Elsa Christensen.